

**Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa samkvæmt viðauka 2.3 um
embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2023, fimmtudaginn 29. júní kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 921. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur. Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir. Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hrönn Valdimarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Olga Guðrún B. Sigfúsdóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Sigríður Maack, Sólveig Sigurðardóttir og Þórður Már Sigfússon. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Bergstaðastræti 32A - (fsp) uppbygging - USK23060250

Lögð fram fyrirspurn Hótel Holt Hausta ehf., dags. 17. júní 2023, ásamt bréfi att ark ehf., dags. 16. júní 2023, um uppbyggingu á lóð nr. 32A við Bergstaðastræti, samkvæmt greinargerð og uppdráttum att ark, dags. 16. júní 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

2. Sundin, reitir 1.3 og 1.4 - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Langholtsvegur 47 - USK23040051

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Ljóssins endurhæfingarmiðstöðvar, um breytingu á deiliskipulagi Sundanna, reita 1.3 og 1.4, vegna lóðarinnar nr. 47 við Langholtsveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að setja tímabundið niður tvo skrifstofugáma á lóð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju.

Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.

3. Elliðaárdalur - athafnasvæði hestamanna - breyting á deiliskipulagi - Faxaból 12 - USK23050272

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. júní 2023 var lögð fram umsókn Sveins Ragnarssonar, dags. 24. maí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals, athafnasvæðis hestamanna, vegna lóðarinnar nr. 12 við Faxaból. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að gera skýli yfir hluta af gerði við hesthús, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 23. maí 2023. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

4. Hálsahverfi - breyting á deiliskipulagi - Grjótháls 7-11 - USK23060302

Lögð fram umsókn Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf., dags. 23. júní 2023, ásamt bréfi Urban arkitekta, dags. 21. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7-11 við Grjótháls. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að reisa byggingu undir hreinsimannvirki og jöfnunarpró á norðausturhorni lóðarinnar ásamt því að heimilt verði að reisa bílastæðakjallara undir yfirborði bílastæða sem eru við hlið fyrirhugaðrar þróar og hreinsistöðvar fyrir allt að 30 bíla, samkvæmt, deiliskipulags- og skuggavarsuppd. Urban arkitekta, dags. 15. júní 2023.

Vísað til meðferðar verkefnastjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022

5. Hestháis 12 - (fsp) bílastæði - USK23040099

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Tandurs hf., dags. 14. apríl 2023, um að breyta grænu svæði við austurhlið hússins á lóð nr. 12 við Hestháis í bílastæði, samkvæmt uppdr. AL-hönnunar, dags. 1. mars 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. apríl 2023, samþykkt.

6. Vogabyggð svæði 2 - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Kleppsmýrarvegur 8 - USK23060235

Lögð fram fyrirspurn Eikar fasteignafélags, dags. 15. júní 2023, ásamt bréfi lóðarhafa, dags. 16. maí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæðis 2 vegna lóðarinnar nr. 8 við Kleppsmýrarveg sem felst í sameiningu lóðanna nr. 8 við Kleppsmýrarveg og nr. 2 við Bátavog og hækkun á nýtingarhlutfalli, samkvæmt tillögu Noland arkitekta, ódags. Einnig er lögð fram samantekt Noland arkitekta á nýtingarhlutfalli, ódags.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

7. Háskóli Íslands, vestur - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Birkimelur 1 - USK23060239

Lögð fram fyrirspurn Reir þróunar ehf., dags. 15. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, vestur vegna lóðarinnar nr. 1 við Birkimel sem felst í uppbyggingu á lóð, samkvæmt tillögu Nordic Office of Architecture, ódags.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

8. Háskóli Íslands - breyting á deiliskipulagi - Sæmundargata 2 - USK23030332

Lögð fram umsókn Fasteigna Háskóla Íslands ehf., dags. 24. mars 2023, ásamt bréfi THG arkitekta, dags. 19. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vegna lóðarinnar nr. 2 við Sæmundargötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmarkaður er reitur fyrir óupphitað, hálfopið reiðhjólaskýli á bílastæði suðvestan við aðalbyggingu Háskólans, samkvæmt uppdr. THG arkitekta, dags. 10. mars 2023. Einnig er lögð fram tillaga THG arkitekta að upphituðu reiðhjólaskýli.

Vísað til meðferðar verkefnastjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.

9. Stýrimannastígur 15 - (fsp) endurhönnun lóðar - USK23050185

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Maríu Hrannar Gunnarsdóttur, dags. 25. maí 2023, um endurhönnun á garði við austurhlið hússins á lóð nr. 15 við Stýrimannastíg sem felst í því að setja upp skábraut frá götu að inngangi, breyta halla lóðarinnar, setja upp vegg o.fl., samkvæmt skissu, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023, samþykkt.

10. Álfabakki 2A - (fsp) bílakjallari - USK23060140

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Rafnssonar, dags. 12. júní 2023, um að byggja bílgeymslu við suðurhluta lóðar nr. 2 við Álfabakka alveg upp að lóðarmörkum, samkvæmt skissu á mæliblaði, dags. 27. mars 2023. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

11. Básiendi 9 - (fsp) endurbygging og stækkun bílskúrs - USK23060303

Lögð fram fyrirspurn Birnu Mjallar Helgudóttur, dags. 23. júní 2023, um endurbyggingu og stækkun bílskúrs á lóð nr. 9 við Básienda, samkvæmt skissu, ódags.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

12. Hrísrími 7-11 - (fsp) sorpskýli - USK23060273

Lögð fram fyrirspurn Sigrúnar Friðriksdóttur, ódags., um að setja sorpskýli á lóð ónýtum gróðurreit framan við húsið á lóð nr. 11 við Hrísríma.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

13. Hverfisgata 46 - USK23050207

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júní 2023 þar sem sótt er um leyfi til þess að sameina í eina eign, breyta notkun og innrétta gistiheimili í flokki IV tegund farfuglaheimili fyrir alls 190 gesti í lokrekkjueiningum, ásamt veitingastað í flokki II tegund c, einnig verður útliti breytt lítillaga og klætt málmklæðningu húsið við Hverfisgötu 46, mhl.05, á lóð nr. 29 við Laugaveg.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

14. Mjölnisholt - framkvæmdaleyfi - USK23060018

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. júní 2023 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 1. júní 2023, um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar veitulagna og yfirborðs í Mjölnisholti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023. Vísað til skrifstofu stjórnarsýslu og gæða til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.

15. Njálsgötureitur, reitur 1.190.2 - breyting á deiliskipulagi - Njálsgata 38 - USK23030166

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kristjáns Ásgeirssonar, dags. 13. mars 2023, um breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits, reits 1.190.2, ásamt bréfi, dags. 10. mars 2023, vegna lóðarinnar nr. 38 við Njálsgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst í að rífa núverandi bílgeymslu á baklóð og byggja þess í stað íbúðarhús með stakri íbúð á einni og hálfri hæð með þakverönd að Öskustíg, samkvæmt uppdr. Alark, dags. 10. mars 2023. Einnig eru lagðar fram athugasemdir og spurningar Rannveigar Pétursdóttur, Öyvinds Glömmi, Silju Glömmi, Viðars Hákonar Sörussonar, Sigríðar Kristjánsdóttur, Margrétar Þormar og Bjarna Rúnars Bjarnasonar, dags. 12. júní 2023, ásamt ósk um famlengingu á athugasemdarfresti. Erindi var grenndarkynnt frá 16. maí 2023 til og með 28. júní 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Benedikt Traustason, dags. 19. júní 2023 og Þorgerður Rannveig Pétursdóttir, Öyvind Glömmi, Silja Glömmi, Viðar Hákon Söruson, Sigríður Kristjánsdóttir, Margrét Þormar og Bjarni Rúnar Bjarnason, dags. 27. júní 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

16. Rauðarárstígur 27 - USK23030371

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júní 2023 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun atvinnuhúsnæðis og fjölga fasteignum, á 1. hæð verði þjónusta og óbreyttur veitingarekstur í flokki x, teg. x., á 2. til 4. hæð verði sex íbúðir á hverri hæð, alls 18 íbúðir, ásamt hjóla- og vagnaskýli á lóð til austurs við hús á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

17. Ægisgata 4 - USK23050151

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. maí 2023 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til þess að breyta notkun og gera að gististað í flokki II, íbúðhús á lóð nr. 4 við Ægisgötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023, samþykkt.

18. Dugguvogur 46 - USK23060257

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júní 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja göngubrú með stiga- og lyftuturnum beggja vegna, úr forsmíðuðum stáleiningum yfir Sæbraut frá mótum Snekkju- og Barðavogar yfir á lóð nr. 46 við Dugguvog.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Eikjuvogi 1, 2, 3, 4, 5, 7, og 11, Snekkjuvogi 19, 21 og 23, Barðavogi 38, 40, 42 og 44 og Dugguvogi 46 og 44.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.

19. Reitur 1.182.1 - breyting á deiliskipulagi - Grettisgata 20A og 20B - SN220693

Á fundi skipulagsfulltrúa 24. nóvember 2023 var lögð fram umsókn Xyzeta ehf. dags. 26. október 2022, ásamt bréfi dags. 6. maí 2023, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.182.1 vegna lóðanna nr. 20A og 20B við Grettisgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að koma fyrir tveimur stigahúsum ásamt stækkun á íbúðum út á milli stigahúsanna og svölum á Suðurhlið 20A og 20B. Auk þess verður heimilt að rífa bakhús og reisa þar einlyft íbúðahúsnæði með kjallara og risi, samkvæmt uppdr. Sturlu Þórs Jónssonar arkitekts, dags. 29. apríl 2023. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 8. febrúar 2023 og 15. júní 2023.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Grettisgötu 18, 18A, 22, 22B og 22C og Njálsgötu 15, 15A og 17.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.

20. Skútuvogur 5 og 7-9 - (fsp) stækkun byggingarreits - USK23050123

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2023 var lögð fram fyrirspurn Indro Candi frá VA arkitektum ehf., dags. 10. maí 2023, ásamt bréfi, dags. 10. maí 2023, um hvort stækkun á byggingarreit hússins að Skútuvogi 7 um 1 m meðfram gafli kalli á breytingu á deiliskipulagi eða hvort hún falli innan marka gildandi deiliskipulags lóðanna nr. 5 og 7-9 við Skútuvog. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023, samþykkt.

21. Vesturbrún 2 - (fsp) bílskúr - SN210408

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. júlí 2021 var lögð fram fyrirspurn VSÓ Ráðgjafar ehf., dags. 31. maí 2021 ásamt greinargerð um að setja bílskúr á sunnanverða lóðina nr. 2 við Vesturbrún. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. júlí 2021. Fyrirspurn er nú lögð fram að nýju ásamt tölvupósti Guðmundar Stefáns Jónssonar, dags. 14. maí 2023 og uppdráttum Grímu arkitekta, dags. 18. janúar 2022.. SN210408

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

22. Austurstræti 12-14 - (fsp) íbúðir á efri hæðum - USK23060005

Lögð fram fyrirspurn Reita fasteignafélags, dags. 31. maí 2023, um að gera íbúðir á efri hæðum húsa á lóð nr. 12-14 við Austurstræti, samkvæmt uppdr. THG arkitekta, dags. 10. maí 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

23. Austurstræti 20 - USK23060143 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júní 2023 þar sem sótt er um áframhaldandi stöðuleyfi fyrir 117 fermetra tjaldi til þriggja ára í inngarði veitingahúss á lóð nr. 20 við Austurstræti.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

24. Reitur 1.171.5 - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Laugavegur 20B - USK23040143

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. maí 2023 var lögð fram fyrirspurn Páls V. Bjarnasonar, dags. 18. apríl 2023, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5 vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg sem felst í að bæta hæð ofan á samþykka viðbyggingu á syðsta hluta hússins, samkvæmt uppdr. Páls V. Bjarnasonar og Ólafar Pálsdóttur arkitekta, dags. 4. apríl 2023. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 5. maí 2023, og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúi, dags. 29. júní 2023, samþykkt.

25. Skógarvegur 6-8 - (fsp) bílastæði - USK23050044

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. maí 2023 var lögð fram fyrirspurn Skógarvegur 6-8, húsfélags, dags. 3. maí 2023, ásamt bréfi Ólafs Jónssonar f.h. Húsfélagsins, dags. 2. apríl 2023, um að Reykjavíkurborg úthluti lóðinni nr. 6-8 við Skógarveg lóð í borgarlandi/15 bílastæði sem staðsett er fyrir framan lóðina. Ef ekki er hægt að verða við því er óskað eftir því að borgin feli húsfélaginu lóðina í fóstur eða til afnota og geri húsfélaginu kleyft að merkja stæðin eða að borgin endurskoði merkingar og fyrirkomulag bílastæða við Skógarveg þannig að ekki verði heimilt að sérmerkja stæði við götuna. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

26. Reitur 1.179, neðan Sléttuvegar - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Sléttuvegur 3 - USK23050010

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn SEM samtakanna, dags. 27. apríl 2023, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.179, neðan Sléttuvegar vegna lóðarinnar nr. 3 við Sléttuveg sem felst í að heimilt verði að gera yfirbyggingu úr gleri yfir svalir á 4. hæð hússins út frá samkomusal (samþykkt deiliskipulag heimilar yfirbyggingu yfir hluta svala), samkvæmt uppdr. Mannvirki Malbik dags. 13. apríl 2023. Samþykkt deiliskipulag heimilar yfirbyggingu yfir hluta svala. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

27. Bitruháls 2 - (fsp) uppsetning gáma og köld útigeymsla - USK23060236

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Lux veitinga ehf., dags. 15. júní 2023, um uppsetningu á tveimur kæli-/frystigámum og kaldri geymslu á lóðinni nr. 2 við Bitruháls. Einnig lögð fram tillaga/skissa, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023, samþykkt.

28. Rafstöðvarvegur 41 - (fsp) uppbygging - USK23050232

Lögð fram fyrirspurn Ingólfs Sigurðssonar, dags. 21. maí 2023, um uppbyggingu lítils einbýlishúss við hlið hússins á lóð nr. 41 við Rafstöðvarveg.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

29. Vegbrekkur 9-15 - USK23050025

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. júní 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. júní 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hesthús á lóðarluta nr. 13 á lóð nr. 9-15 við Vegbrekku. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2023, samþykkt.

30. Skógarhlíð - (fsp) uppbygging - Skógarhlíð 16 - USK23060275

Lögð fram fyrirspurn Reir þróunar ehf., dags. 20. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 16 við Skógarhlíð sem felst í uppbyggingu á svokölluðum lífsgæðakjarna lóð þ.e. fjölbreytt búsetuform fyrir eldra fólk, samkvæmt tillögu Nordic Office of Architecture ódags.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

31. Lykkja 2A - USK23040207

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júní 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu á lóð nr. 2A við Lykkju.

Vísað til meðferðar verkefnastjóra.

Fundi slitið kl. 11:48

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir

**Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa samkvæmt viðauka 2.3 um
embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2023, fimmtudaginn 6. júlí kl.9:05 hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 922. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur. Fundinn sátu: Björn Axelsson og Borghildur Sölvey Sturludóttir. Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hrönn Valdimarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Ólafur Ingibergsson, Sólveig Sigurðardóttir og Þórður Már Sigfússon Fundarritari var Jóhanna Guðjónsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fiskislóð 24 - USK23050278

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breytingum á gluggum, hækkun einnar innkeyrsluhurðar, fjölgun inngangshurða, fjölgun glugga, færsla og breyting á stiga innanhúss upp á millipall, breyting á innra skipulagi millipalls og 1. hæðar, jafnframt er sótt um leyfi til breytinga á innra skipulagi í rými 0101 og 0102, matshluta 01 í húsi nr. 24 við Fiskislóð.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

2. Blesugróf 30 - USK23040047

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. maí 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, einnar hæðar einbýlishús með bílskúr á lóð nr. 30 við Blesugróf. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

3. Háskóli Íslands - breyting á deiliskipulagi - Sæmundargata 2 - USK23030332

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. júní 2023 var lögð fram umsókn Fasteigna Háskóla Íslands ehf., dags. 24. mars 2023, ásamt bréfi THG arkitekta, dags. 19. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vegna lóðarinnar nr. 2 við Sæmundargötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmarkaður er reitur fyrir óupphitað, hálfopið reiðhjólaskýli á bílastæði suðvestan við aðalbyggingu Háskólans, samkvæmt uppdr. THG arkitekta, dags. 10. mars 2023. Einnig er lögð fram tillaga THG arkitekta að upphituum reiðhjólaskýli. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, sbr. a. liður 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1224/2022, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

4. Hlíðarendi - breyting á deiliskipulagi - Reitur A - Arnarhlíð 3 - USK23060353

Lögð fram umsókn Hlíðarenda ses, dags. 27. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 3 við Arnarhlíð. Í breytingunni sem lögð er til felst að fjölga íbúðum, fella niður göng undir Flugvallarveg, auka byggingarmagn á jarðhæð, auka hlutfall 5. hæðar af stærð 4. hæðar, koma fylgiloðum vegna djúpgáma fyrir í borgargötum, setja bílastæði við Flugvallarveg sunnan lóðar og að breyta lóðarstærð.

Vísað til meðferðar verkefnastjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.

5. Nýr landspítali við Hringbraut - Njólágata/Burknagata - breyting á deiliskipulagi - USK23060274

Lögð fram umsókn Kanon arkitekta f.h. NLSH ohf., mótt. 20. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Hringbrautar, færslu vegna lóðarinnar Njólágata/Burknagata. Í breytingunni sem lögð er til felst að loka Njólágötu við Burknagötu og koma þar fyrir akstursaðkomu á aðkomusvæði að blóðsýnaafhendingu ofan á aðkomustalli. Einnig lögð fram skýrsla Mannvits dags. mars 2021 og minnisblað SPITAL dags. 6. maí 2022.

Vísað til meðferðar verkefnastjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.

6. Skildinganes - breyting á deiliskipulagi - Bauganes 24 - SN220769

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. janúar 2023 var lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar og Örnú Bjarkar Kristinsdóttur, dags. 1. desember 2022, um breytingu á deiliskipulagi Skildinganes vegna lóðarinnar nr. 24. við Bauganes. Í breytingunni sem lögð er til felst að stækka byggingarreit, til austurs, en þó innan gildandi ákvæða, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarsuppd. Arkþing/Nordic, ódags. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Bauganes 22, 26, 28 og 30, Skildinganes 41, 42, 51 og 53. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7.6. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.

7. Hólsvegur 11 - (fsp) bílastæði - USK23070007

Lögð fram fyrirspurn Rósu Ingólfssdóttur, dags. 1. júlí 2023, um breytingu á fyrirkomulagi bílastæða á lóðinni nr. 11 við Hólsveg.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

8. Kleppsgarðar 2 - Uppbygging á húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu - umsagnarbeiðni - USK23060405

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunnar, dags. 28. júní 2023, þar sem óskað er eftir umsögn um tilkynningu Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna (FSRE) um uppbyggingu á húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt matsskyldufyrirspurn VSÓ ráðgjafar, dags. í maí 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

9. Kirkjustræti 4 - USK23060017

Lögð fram fyrirspurn og minnisblað Sigurðar Einarssonar, dags. 1. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Kvosar vegna lóðarinnar nr. 4 við Kirkjustræti sem felst í að byggja nýtt anddyri og stækka stigapall til vesturs, samkvæmt tillögu Batterísins dags. 8. mars 2023. Einnig lögð fram umsögn Minjastofnunar dags. 12 apríl 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

10. Víðinesvegur - framkvæmdaleyfi - USK23060065

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. júní 2023 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 6. júní 2023, um framkvæmdaleyfi vegna lagningu nýs vegar frá tengivegi Björgunar við Víðinesveg meðfram jarðgerðarstöð Sorpu og styrkingu/viðhalds núverandi Víðinesveg frá Vesturlandi að jarðgerðarstöð Sorpu. Einnig er lagt fram teikningasett, dags. 1. maí 2023, lýsing á framkvæmd, ódags., framkvæmdaáætlun, ódags. og yfirlitsmyndir frá Hnit verkfræðistofu, dags. 16. maí 2023. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi, vísað til skrifstofu stjórnarsýslu og gæða til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.

11. Bjarnarstígur 9 - USK23050253

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2. hæð og í risi á húsi á lóð nr. 9 við Bjarnarstíg.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

12. Freyjugata 46 - USK23010202

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. maí 2023 þar sem sótt er um leyfi til þess að fjarlægja stórt tré við lóðarmörk, stækka garðskála og koma fyrir kamínu við suðvesturúttvegg garðskála, mhl. 03, á lóð nr. 46 við Freyjugötu, samkvæmt uppdr. ASK arkitekta ehf., dags. 30. mars 2023. Erindi var grenndarkynnt frá 31. maí 2023 til og með 28. júní 2023: Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Veitna, dags. 6. júní 2023.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, sbr. a. liður 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1224/2022. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

13. Laugavegur 176 - USK23030048

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa dags 4. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á matshlutum nr. 02, 03 og 04, hús á lóð nr. 176 við Laugaveg.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

14. Austurstræti 20 - USK23060143

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. júní 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júní 2023 þar sem sótt er um áframhaldandi stöðuleyfi fyrir 117 fermetra tjaldi til þriggja ára í inngarði veitingahúss á lóð nr. 20 við Austurstræti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

15. Fálkagöturéitur - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Fálkagata 23 - USK23050314

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Guðna Valbergs hjá Trípólí arkitektum, dags. 30. maí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Fálkagöturéita vegna lóðarinnar nr. 23 við Fálkagötu sem felst í stækkun garðskúrs og innréttar þar hjónaherbergi með baðherbergi og þvottahúsi ásamt því að gera nýtt bíslag austan við húsið sem væri hvoru tveggja í senn nýtt anddyri og tenging milli nýs hjónaherbergis við eldra hús, samkvæmt tillögu Trípólí arkitekta, dags. 31. maí 2023. Fyrirspurninni var vísað til

umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. júlí 2023, samþykkt.

16. Heilsuverndarreitir - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Snorrabraut 54 - USK23010127

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. janúar 2023 var lögð fram fyrirspurn Rökkurhafnar ehf., dags. 10. janúar 2023, um breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut sem felst í endurbyggingu hússins sem íbúðahótel, samkvæmt uppd. Teikna, dags. 4. janúar 2023. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. júlí 2023, samþykkt.

17. Norðlingabraut 7 - USK23050054

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. júní 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. júní 2023 þar sem sótt er um framkvæmdarleyfi á spennni-og rofastöð inn á lóð nr. 7 við Norðlingabraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. júlí 2023, samþykkt.

18. Reitir 1.173.1, timburhúsareitur - breyting á deiliskipulagi - Grettisgata 41 - USK23030131

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. mars 2023 var lögð fram umsókn Grímu arkitekta ehf., dags. 9. mars 2023, ásamt bréfi, dags. 8. mars 2023, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.1, timburhúsareits vegna lóðarinnar nr. 41 við Grettisgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitir norðan við húsið er stækkaður og heimild veitt fyrir því að reisa bakhús nyrst á lóðinni, samkvæmt uppd. Grímu arkitekta, dags. 14. júní 2023 og skuggavarpri dags. 14. júní 2023. Möguleikanum á að reisa viðbyggingu í stað bakhúss er haldið opnum áfram. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Grettisgötu 39, 39b, 43 og 43a, Laugavegi 58b og Vítastíg 10b. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7.6. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.

19. Almennadalur 9 - breyting á deiliskipulagi - USK23020066

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Guðjóns Magnússonar arkitekts, dags. 3. febrúar 2023, um breytingu á deiliskipulagi Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði vegna lóðarinnar nr. 9 við Almennadal. Í breytingunni sem lögð er til felst hækkun á mæni hússins og að gluggar og svalir snúi í suðurátt, samkvæmt uppd. Guðjóns Magnússonar arkitekts, dags. 8. mars 2023. Tillagan var grenndarkynnt frá 31. maí 2023 til og með 28. júní 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Bjarni Jónsson, Lilja Svavarsdóttir, Hannes Einarsson, Svanur Guðmundsson, Ragnar Hilmarsson og Guðrún Jóna Thorarensen, dags. 3. maí 2023, Edda Björk Karlsdóttir, dags. 17. júní 2023, Þorgeirs Benediktssonar formanns Almennadalsfélagsins f.h. húseigenda í Almennadal, dags. 21. júní 2023, Bjarni Jónsson f.h. húseigenda í Almennadal, dags. 27. júní 2023 og stjórn hestamannafélagsins Fáks, dags. 27. júní 2023..

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

20. Dugguvogur 50 - (fsp) breyting á notkun - USK23030194

Lögð fram fyrirspurn Hansínu Jensdóttur, dags. 28. febrúar 2023, um breytingu á notkun eignarhluta 02-03 í húsinu á lóð nr. 50 við Dugguvog úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði fyrir eignarhluta 02-03 fyrir Dugguvog 50. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

21. Hof - (fsp) afmörkun spildu - USK23060175

Lögð fram fyrirspurn Eyglóar Gunnarsdóttur, dags. 12. júní 2023, um afmörkun spildu á lóðinni nr. 19 við Brautarholtsveg. Einnig lagt fram lóðablað Landmótunar 1. júní 2023 og yfirlitsmynd Mannvits dags. 8. maí 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. júlí 2023, samþykkt.

22. Rafstöðvarvegur 41 - (fsp) uppbygging - USK23050232

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Ingólfs Sigurðssonar, dags. 21. maí 2023, um uppbyggingu lítils einbýlishúss við hlið hússins á lóð nr. 41 við Rafstöðvarveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

23. Vogahverfi - breyting á deiliskipulagi - Langholtsvegur 169 - SN220432

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 6. júlí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 169 við Langholtsveg (hús nr. 169 og 169A við Langholtsveg). Í breytingunni felst að byggingarreitur er afmarkaður austan við húsið, samkvæmt uppd. KRark dags. 5. júlí 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. september 2022 til og með 24. október 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Friðþjófur Johnson dags. 12. og 20. október 2022 og Herborg Árnadóttir Johansen, Örn Marinó Arnarson, Anna Rúnarsdóttir og Ólafur Stefán Magnússon dags. 20. október 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. október 2022 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs til afgreiðslu.

24. Árbær, hverfi 7.1 Ártúnsholt - (fsp) breyting á hverfisskipulagi - Straumur 9 - USK23030055

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. apríl 2023 var lögð fram fyrirspurn DAP ehf., dags. 4. mars 2023, um breytingu á hverfisskipulagi Ártúnsholts vegna lóðarinnar nr. 9 við Straum sem felst í stækkun lóðarinnar, hækkun á nýtingarhlutfalli og aukningu á byggingarmagni, samkvæmt tillögu DAP, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. júlí 2023, samþykkt.

25. Breiðholt III, Fell - breyting á deiliskipulagi - Eddufell 2-8 - USK23060177

Lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts, dags. 12. júní 2023, um djúpgámalausn fyrir lóðirnar nr. 2-8 við Eddufell. Einnig lagður fram uppd. KRark dags. 7. júní 2023.

Vísað til meðferðar verkefnastjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.

26. Breiðholt, hverfi 6.2 Seljahverfi - (fsp) breyting á hverfisskipulagi - Klyfjasel 26 - USK23020221

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Guðjóns Þórs Erlendssonar, dags. 19. febrúar 2023, ásamt greinargerð, ódags, um breytingu á hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.2 Seljahverfi, vegna lóðarinnar nr. 26 við Klyfjasel sem felst í að færa byggingarreit fyrir bílskúr nær húsinu og að byggja opið bislag við inngang, samkvæmt uppdr. Thor Architects, dags. 13. febrúar 2023. Fyrirsprjandi var beðinn að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er nú erindið lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. júlí 2023, samþykkt.

27. Klyfjasel 26 - (fsp) hurð, fordyri o.fl. - USK23030187

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Hjörvars Hjörleifssonar, dags. 23. febrúar 2023, um að setja hurð á jarðhæð hússins á lóð nr. 26 við Klyfjasel, samkvæmt upphaflega samþykktum uppdráttum, nýtt opið fordyr við aðal inngangshurð á 2. hæð, með palli og skjólvegg þar umhverfis, og nýjar svalir á 2. hæð auk landslagsbreytinga, samkvæmt tillögu Thor arkitekts, dags. 1. nóvember 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. júlí 2023, samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:56

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

**Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa samkvæmt viðauka 2.3 um
embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2023, fimmtudaginn 13. júlí kl. 9:06, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 923. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur. Fundinn sátu: Björn Axelsson og Borghildur Sölvey Sturludóttir. Eftirtaldir verkefnastjórar kynntu mál á fundinum: Britta Magdalena Ágústsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Laufey Björg Sigurðardóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. Fundarritari var Jóhanna Guðjónsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Laugarásvegur 52 - (fsp) stækkun húss - SN220251

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. febrúar 2023 var lögð fram fyrirspurn Gríms V. Magnússonar dags. 26. apríl 2022 ásamt bréfi dags. 26. apríl 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 52 við Laugarásveg, samkvæmt uppd. Gríms V. Magnússonar (3. stk.) dags. 26. apríl 2022. Einnig var lagt fram útlit síðustu aðaluppdráttar með fyrirhuguðum breytingum og ljósmyndir af núverandi aðstæðum og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2022. Fyrirspurnin er nú lögð fram að nýju ásamt bréfi Gríms V. Magnússonar, dags. 23. janúar 2023, tillögu að stækkun, dags. 8. september 2022, skissu á byggingarnefndarteikningu, sem sýnir fyrirhugaðar breytingar, stærðartöflu, ódags., og ljósmyndum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 13. júlí 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí 2023.

2. Reitur 1.171.3 - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Bergstaðastræti 2 - USK23070005

Lögð fram fyrirspurn Basalt ehf. dags. 30. júní 2023 og bréf Kurtogpí, dags. 30. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Reits 1.171.3 vegna lóðarinnar nr. 2 við Bergstaðastræti sem felst í að stækka fyrirhugaða viðbyggingu aftan við húsið og að byggja upp að lóðarmörkum nr. 4 við Bergstaðastræti og að lóðarmörkum nr. 10 við Laugaveg, ásamt því að auka heildarbyggingarmagn, samkvæmt uppd. Kurtogpí, dags. 20. júní 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

3. Sundin, reitir 1.3 og 1.4 - breyting á deiliskipulagi - Langholtsvegur 47 - USK23040051

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. júní 2023 var lögð fram umsókn Ljóssins endurhæfingarmiðstöðvar, um breytingu á deiliskipulagi Sundanna, reita 1.3 og 1.4, vegna lóðarinnar nr. 47 við Langholtsveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að setja tímabundið niður tvo skrifstofugáma á lóð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Langholtsvegi 49 og Efstasundi 42, 44 og 46. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7.6. gr. og 12. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.

4. Vagnhöfði 7 - (fsp) stækkun lóðar - USK23070042

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

5. Hamarshöfði 6 - umsagnarbeiðni - USK23070206

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 21. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um skráningarskyldan atvinnurekstur fyrir Bifreiða og vélaverkstæði að Hamarshöfða 6. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023, samþykkt.

6. Snorrabraut 83 - (fsp) breytt notkun - USK23070049

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júlí 2023 var lögð fram fyrirspurn HAG fasteigna ehf., dags. 4. júlí 2023, ásamt bréfi Arktika dags. 29. júní 2023, um að breyta notkun á eystri hluta bílageymslu á lóð nr. 83 við Snorrabraut í gistirými. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

7. Drafnarfell 2-4 - (fsp) notkun húss og stækkun - USK23070073

Lögð fram fyrirspurn Erlu Sólveigar Einarsdóttur, dags. 5. júlí 2023, ásamt minnisblaði Mannvits, dags. 22. júní 2023, um stækkun leikskólans Vinaminnis að Asparfelli 10 sem felst í opnun leikskóladeilda að Drafnarfelli 2-4. Fyrirhugað er að opna tvær deildir þar sem reiknað er með 30-40 leikskólabörnum og starfsfólki. Gera þarf minniháttar breytingar á vesturhlið hússins sem miðar að því að bæta við nýjum aðalinngangi og tryggja aðgengi út á mögulegt nýtt leiksvæði utan við bygginguna, samkvæmt uppdráttum Mannvits, dags. 7. júlí 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

8. Gufunesvegur 4 - (fsp) fjarskiptastaur - USK23070056

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Lúðvíks Stefánssonar, dags. 5. júlí 2023, um að reisa staur fyrir farsímapjónustu á lóð nr. 4 við Gufunesveg, samkvæmt tillögu Íslandsturna, dags. 5. júlí 2023. Einnig er lögð fram ljósmynd.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

9. Hólsvegur 11 - (fsp) bílastæði - USK23070007

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. júlí 2023 var lögð fram fyrirspurn Rósu Ingólfssdóttur, dags. 1. júlí 2023, um breytingu á fyrirkomulagi bílastæða á lóðinni nr. 11 við Hólsveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023, samþykkt.

10. Kleppsvegur 46-50 - (fsp) djúpgámar - USK23070110

Lögð fram fyrirspurn Kleppsvegar 46-50, húsfélags, dags. 10. júlí 2023, ásamt bréfi, ódags., um að setja niður djúpgáma fyrir lóð nr. 46-50 við Kleppsveg í borgarlandi.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

11. Spöngin - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Spöngin 9 - USK23070045

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júlí 2023 var lögð fram fyrirspurn Reita verslunar, dags. 4. júlí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar vegna lóðarinnar nr. 9 við Spöngina sem felst í að reisa létt úpphitað skýli yfir vörumóttöku við vesturhlið hússins, samkvæmt uppdr. THG arkitekta dags. 22. júní 2023. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.. USK23070045

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023, samþykkt.

12. Básendi 9 - (fsp) endurbygging og stækkun bílskúrs - USK23060303

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Birnu Mjallar Helgudóttur, dags. 23. júní 2023, um endurbyggingu og stækkun bílskúrs á lóð nr. 9 við Básenda, samkvæmt skissu, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar hjá verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023, samþykkt.

13. Skipasund 77 - USK23030228

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júní 2023 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja bílskúr og vinnustofu úr timbri á steypum sökkli, mhl.02, í norðvestur horni lóðar nr. 77 við Skipasund. Erindi var grenndarkynnt frá 23. júní 2023 til og með 21. júlí 2023. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, sbr. a. liður 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1224/2022.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

14. Teigahverfi - breyting á deiliskipulagi - Hraunteigur 30 - USK22122878

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Jakobs Emils Líndals dags. 12. desember 2022 ásamt bréfi, dags. 12. desember 2022, um breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 30 við Hraunteig. Í breytingunni sem lögð er til felst að gerður er nýr byggingarreitur á lóð fyrir vinnustofu, samkvæmt uppdr. Alark, dags. 12. desember 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 28. apríl 2023 til og með 31. maí 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ásdís Magnea Þórðardóttir, Ólafur H. Baldursson og Alma - Fasteignafélag, dags. 22. maí 2023. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. júní 2023 og er nú lagt fram að nýju ásamt skuggavarpri, dags. 29. júní 2023 og bréfi frá embætti skipulagsfulltrúa, dags. 13. júlí 2023, þar sem gefinn var auka frestur til að koma með athugasemdir til 25. júlí 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir vegna viðbótargagna: Ásdís Magnea Þórðardóttir, Ólafur H. Baldursson og Alma - fasteignafélag, dags. 17. júlí 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

15. Ármúli-Hallarmúli - (fsp) tillaga að uppbyggingu - USK23030222

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2023 var lögð fram fyrirspurn Arkþing-Nordic ehf., dags. 16. mars 2023, um uppbyggingu á reit Ármúla-Hallarmúa, samkvæmt tillögu Nordic, dags. 21. október 2022, Einnig er lögð fram dagsbirtugreining, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023, samþykkt.

16. Bjarnarstígur 9 - USK23050253

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. júlí 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2. hæð og í risi á húsi á lóð nr. 9 við Bjarnarstíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Grenndarkynna þarf byggingarleyfisumsókn.

17. Básendi 12 - (fsp) bílskúr, breyting á notkun - USK23070118

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2023 var lögð fram fyrirspurn Sveins Þorsteinssonar, dags. 12. júlí 2023, um annars vegar að hafa gluggafront eða rennihurð í stað bílskúrshurðar til að nýta bílskúrinn sem vinnustofu og hins vegar um að breyta bílskúrnum í litla íbúð. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Mannvirkjameistarans, dags. 5. október 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023, samþykkt.

18. Fannafold 159 - (fsp) innkeyrsla og bílastæði - USK23070003

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2023 var lögð fram fyrirspurn Halldóru Þuríðar Halldórsdóttur, dags. 30. júní 2023, um að gera innkeyrslu og bílastæði á lóð nr. 159 við Fannafold, samkvæmt skissu á loftmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

19. Fiskislóð 24 - USK23050278

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. júlí 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breytingum á gluggum, hækkun einnar innkeyrsluhurðar, fjölgun inngangshurða, fjölgun glugga, færsla og breyting á stiga innanhúss upp á millipall, breyting á innra skipulagi millipalls og 1. hæðar, jafnframt er sótt um leyfi til breytinga á innra skipulagi í rými 0101 og 0102, matshluta 01 í húsi nr. 24 við Fiskislóð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

20. Grensásvegur 48 - USK23050251

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta þrjár íbúðir á 2. hæð í húsi nr. 48 við Grensásveg.

Vísað til meðferðar verkefnastjóra.

21. Hamrahverfi - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Gerðhamrar 40 - USK23030241

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. apríl 2023 var lögð fram fyrirspurn Ólafs Reynis Guðmundssonar, dags. 18. mars 2023, ásamt greinargerð, dags. 17. mars 2023, um breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis, vegna lóðarinnar nr. 40 við Gerðhamra sem felst í stækkun lóðarinnar til vesturs. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

22. Norðlingabraut 6 - USK23020209

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. mars 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. mars 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta verkstæðisbyggingu á einni hæð fyrir réttinga og bílasprautun, byggingin er skipt upp í tvo hluta, verkstæði og skrifstofu ásamt stoðrymum, hús á lóð nr. 6 við Norðlingabraut. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. mars 2023. Erindi er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti Kristmundar Árnasonar, dags. 4. maí 2023, þar sem óskað er eftir endurskoðun á umsögn skipulagsfulltrúa, bréfi Sveins Ívarssonar arkitekts og Kristmundar Árnasonar, dags. 25. apríl 2023 og uppdrættir Sveins Ívarssonar arkitekts, dags. 1. febrúar 2023. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023, samþykkt.

23. Reitur 1.181.3, Lokastígsreitur 4 - breyting á deiliskipulagi - Njarðargata 61 - USK23070148

Lögð fram umsókn Hjalta Brynjarssonar, dags. 14. júlí 2023, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.3, Lokastígsreits 4, vegna lóðarinnar nr. 61 við Njarðargötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að breyta byggingarreit og að byggja þrjár hæðir, kjallara og ris á lóðinni með allt að 8 íbúðum, þar sem núverandi stigahús og geymsluskúr víkur, en nýtt stigahús með lyftu er felld inn í og kemur í stað núverandi stigahúss, samkvæmt uppdr. Nordic dags. 14. júlí 2023. Einnig lögð fram umsögn Minjastofnunar, dags. 24. apríl 2023.

Vísað til meðferðar verkefnastjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.

24. Skeifan 7 og 9 - (fsp) uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis - USK23050227

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2023 var lögð fram fyrirspurn Helgu Bragadóttur, dags. 17. maí 2023, ásamt bréfi, dags. 16. maí 2023, um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á lóðunum nr. 7 og 9 við Skeifuna, samkvæmt tillögu TP Bennett, dags. 1. maí 2023. Einnig er lögð fram greinargerð Mannvits, dags. 16. nóvember 2023, varðandi skoðun og sýnatöku í húsinu að Skeifunni 7 og minnisblað Mannvits, dags. 7. mars 2023, varðandi sig á gólfplötum 2. og 3. hæðar hússins að skeifunni 7. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023, samþykkt.

25. Sogavegur 3 - (fsp) stækkun lóðar - USK23070210

Lögð fram fyrirspurn Djúpadals ehf., dags. 21. júlí 2023, um stækkun lóðarinnar nr. 3 við Sogaveg, samkvæmt uppdr. K.J. ARK slf., dags. 20. júlí 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

26. Teigagerðisreitur - (fsp) breyting á deiliskipulagi - Bakkagerði 11 - USK23050001

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. maí 2023 var lögð fram fyrirspurn Birkis Arnar Arnarsonar, dags. 24. apríl 2023, um breytingu á deiliskipulagi Teigagerðisreits vegna lóðarinnar nr. 11 við Bakkagerði sem felst í að hækka risi hússins og bæta við kvistum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023, samþykkt.

27. Vesturbrún 2 - (fsp) bílskúr - SN210408

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn VSÓ Ráðgjafar ehf., dags. 31. maí 2021 ásamt greinargerð um að setja bílskúr á sunnanverða lóðina nr. 2 við Vesturbrún. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. júlí 2021. Fyrirspurn er nú lögð fram að nýju ásamt tölvupósti Guðmundar Stefáns Jónssonar, dags. 14. maí 2023 og uppdráttum Grímu arkitekta, dags. 18. janúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. júlí 2023, samþykkt.

28. Vogabyggð svæði 3 - nýtt deiliskipulag - SN220729

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 25. júlí 2023, þar sem fram kemur að stofnunin getur ekki tekið afstöðu til efnis og/ eða forms deiliskipulagsins vegna eftirfarandi atriða: Afla þarf umsagnar Minjastofnunar Íslands um tillöguna, afla þarf umsagnar Heilbrigðiseftirlits þar sem um er að ræða heimildir fyrir starfsleyfisskylda starfsemi innan um íbúðarbyggð og gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum deiliskipulagsbreytingarinnar. Einnig bendir stofnunin á nokkur atriði varðandi framsetningu.

Vísað til meðferðar verkefnastjóra.

29. Hlaðhamrar 52 - breyting á deiliskipulagi - USK23050004

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Gunnarssonar, dags. 26. apríl 2023, um breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 52 við Hlaðhamra. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmarkaður er byggingarreitur á lóð undir leikskóla, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Urban Arkitekta, dags. 25. maí 2023. Tillagan var grenndarkynnt frá 23. júní 2023 til og með 21. júlí 2023. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Hilmars Teitssonar og Ingibjargar Þóru, dags. 23. júní 2023, þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við erindið.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, sbr. a. liður 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1224/2022.

30. Snorrabraut 29 - USK23040092

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi til að breyta íbúðum á 2. hæð, færa svalir, og færa geymslur frá íbúðum niður í kjallara, auk þess að fella fjórðu hæðina út af umsókninni í húsi nr. 27-29 við Snorrabraut.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

31. Breiðholt III, Fell - breyting á deiliskipulagi - Eddufell 2-8 - USK23060177

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. júlí 2023 var lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts, dags. 12. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fell vegna lóðarinnar nr. 2-8 við Eddufell. Í breytingunni sem lögð er til felst afmörkun byggingarreits fyrir djúpgáma á lóð, samkvæmt uppdr. KRark dags. 7. júní 2023. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.

32. Drápuhlíð 2 - USK23030174

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi til þess að staðsetja tvö bílastæði og tvöfalda rafhleðslustöð við norðurhlíð lóðar íbúðarhúss á lóð nr. 2 við Drápuhlíð.

Vísað til meðferðar verkefnastjóra.

33. Seiðakvísl 39 - USK23030199

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi fyrir stækkun, þ.e. byggja glerskála með léttu þaki við hús og viðbyggingu áfasta bílgeymslu húss á lóð nr. 39 við Seiðakvísl.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

34. Rofabær 47 - USK23050220

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júlí 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. júní þar sem sótt er um leyfi til að klæða suðurhlíð og setja létt svalahandrið í stað steyptra á húsum nr. 43, 45 og 47 sem eru mhl. 01,02 og 03, á lóð nr. 47 við Rofabæ. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 13. júlí 2023. Erindi er nú lagt fram að nýju ásamt bréfi stjórnar húsfélags í Rofabæ 43-47, ódags.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Fundi slitið kl. 12:25

Björn Axelsson

Helena Stefánsdóttir

**Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa samkvæmt viðauka 2.3 um
embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2023, fimmtudaginn 3. ágúst kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 926. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur. Fundinn sátu: Björn Axelsson. Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar, Laufey Björg Sigurðardóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir og Sigríður Maack. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

1. Mýrargata 26 (fsp) rekstur gististaðar í flokki II - USK23060234

Lögð fram fyrirspurn 132 ehf, dags. 14. júní 2023, um rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 26 við Mýrargötu. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

2. Blesugróf 25 - (fsp) uppbygging - USK23070213

Lögð fram fyrirspurn Steinunnar Óskar Óskarsdóttur, dags. 21. júlí 2023, um hvort heimilt sé að byggja sambærilegt hús á sama sökkli og þess sem fyrir var á lóð nr. 25 við Blesugróf.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

3. Fjólugata 19 - USK23070089

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. ágúst 2023 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055935 vegna lokaúttektar þannig að útfærslu á uppbyggingu á kvisti hefur verið breytt og bílastæðum fjölgað í þrjú á lóð nr. 19 við Fjólugötu. Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 5. júní 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

4. Leifsgata 24 - (fsp) svalir og aukin lofthæð - USK23070182

Lögð fram fyrirspurn Arnars Arnarsonar, dags. 19. júlí 2023, ásamt bréfi, dags. 19. júlí 2023, um að setja svalir og hækka lofthæð í ósamþykktu íbúð í risi hússins á lóð nr. 24 við Leifsgötu þannig að hún fái samþykkt.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

5. Hálsahverfi - Grjótháls - breyting á deiliskipulagi - USK23040111

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis. Í breytingunni sem lögð er til felst afmörkun nýrrar lóðar þar sem heimilt verður að reka hraðhleðsluþjónustu fyrir bíla, skilgreindur verður byggingarreitir fyrir spennistöðvar ásamt inn og útkeyrslum og hámarksfjöldi hleðslustæða verður 15 stæði, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf., dags. 15. febrúar 2023. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2023 til og með 27. júlí 2023. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

6. Skúlagötusvæði - Skúlagata - breyting á deiliskipulagi - USK23040113

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis. Í breytingunni sem lögð er til felst afmörkun nýrrar lóðar þar sem heimilt verður að reka hraðhleðsluþjónustu fyrir bíla, skilgreindur verður byggingarreitur fyrir spennistöðvar ásamt inn og útkeyrslum og hámarksfjöldi hleðslustæða verður 15 stæði, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf., dags. 15. febrúar 2023. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2023 til og með 27. júlí 2023. Eftirtaldir sendu umsögn/athugasemdir: Veitur, dags. 18. júlí 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

7. Teigahverfi - breyting á deiliskipulagi - Hraunteigur 30 - USK22122878

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Jakobs Emils Líndals dags. 12. desember 2022 ásamt bréfi, dags. 12. desember 2022, um breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 30 við Hraunteig. Í breytingunni sem lögð er til felst að gerður er nýr byggingarreitur á lóð fyrir vinnustofu, samkvæmt uppdr. Alark, dags. 12. desember 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 28. apríl 2023 til og með 31. maí 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ásdís Magnea Þórðardóttir, Ólafur H. Baldursson og Alma - Fasteignafélag, dags. 22. maí 2023. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. júní 2023 og er nú lagt fram að nýju ásamt skuggavarpi, dags. 29. júní 2023 og bréfi frá embætti skipulagsfulltrúa, dags. 13. júlí 2023, þar sem gefinn var auka frestur til að koma með athugasemdir til 25. júlí 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir vegna viðbótargagna: Ásdís Magnea Þórðardóttir, Ólafur H. Baldursson og Alma - fasteignafélag, dags. 17. júlí 2023. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. júlí 2023 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

8. Álmgærði 1 - breyting á deiliskipulagi - USK23030387

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Nýs Landspítala ohf., dags. 30. mars 2023, um breytingu á deiliskipulagi Álmgærðis 1 - Grensásdeildar vegna lóðarinnar nr. 1 við Álmgærði. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun á byggingarreit, aukning á byggingarmagn og hækkun á hámarkskóta, samkvæmt uppdr. Arkþing-Nordic ódags. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2023 til og með 27. júlí 2023. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram ábending Veitna, dags. 3. júlí 2023.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

9. Fossagata 11 - BN061838

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, mhl. 02 og gerð grein fyrir áður gerðum breytingum 1. hæðar og í risi, búa til sameign í kjallara þar sem inntökin eru og þannig minnka eignarhaldi kjallara sem því nemur, ásamt áður gerðum þakgluggum á húsi með mhl. 01 og nýtt sorpgerði á lóð nr. 11 við Fossagötu.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir. Samræmist deiliskipulagi.

10. Grensásvegur 48 - USK23050251

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. júlí 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta þrjár íbúðir á 2. hæð í húsi nr. 48 við Grensásveg. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Grensásvegi 50, Hvammsgerði 9 og 11 og Skálagerði 4 og 6. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022. 8.1. gr.

11. Háskóli Íslands, Vísindagarðar - breyting á deiliskipulagi - USK23040073

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða. Í tillögunni sem lögð er til felst stækkun skipulagssvæðis utan um nýja lóð sem fær bókstafinn N, samkvæmt uppdr. ASK arkitekta ehf., dags. 28. mars 2023. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2023 til og með 27. júlí 2023. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Veitna, dags. 25. júlí 2023.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

12. Háteigsvegur 44 - USK23030370

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. maí 2023 þar sem sótt er um leyfi til að skipta í tvær íbúðir, stækka anddyri og gera sjálfstæðan inngang að efri hæð, gera nýja glugga á norðurhlið og endurnýja aðra glugga, gerð grein fyrir óleyfisviðbyggingu yfir svölum annarrar hæðar ásamt því að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 44 við Háteigsveg. Erindi var grenndarkynnt frá 4. júlí 2023 til og með 1. ágúst 2023. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir, Edda Guðmundsdóttir dags. 31. júlí 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

13. Hjallavegur 30 - breyting á deiliskipulagi - USK23030385

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Axels Benediktssonar, dags. 29. mars 2023, um breytingu á deiliskipulagi Sundanna, reita 1.3 og 1.4, vegna lóðarinnar nr. 30 við Hjallaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitur er stækkaður til austurs fyrir viðbyggingu, samkvæmt uppdr. Axels Benediktssonar, dags. 29. mars 2023. Tillagan var grenndarkynnt frá 20. júní 2023 til og með 18. júlí 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Gerður Ólína Steinþórsdóttir, dags. 17. júlí 2023. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2023 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023, sbr. a. lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1224/2022.

14. Orkureitur - Suðurlandsbraut 34 - Ármúli 31 - (fsp) breyting á deiliskipulagi - USK23040053

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Arkþing-Nordic ehf., dags. 11. apríl 2023, um breytingu á deiliskipulagi Orkureits vegna lóðarinnar nr. Suðurlandsbraut við suðurlandsbraut og 31 við Ármúli 31 sem felst í að fjölga bílastæðum í neðanjarðar og að að hluti þeirra verði séreignarstæði, fækka hjólastæðum, minnka meðalstærð íbúða og fjölga íbúðum, samkvæmt tillögum Nordic Office of Architecture og Safír Bygginga, dags. 27. mars 2023. Einnig eru lögð fram tvö minnisblöð Safír bygginga, annars vegar um fjölgun bílastæða á Orkureitnum, dags. 8. mars 2023, og hins vegar um fækkun hjólastæða á Orkureitnum, dags. 10. mars 2023. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

15. Snorrabraut 79 - USK23060110

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. ágúst 2023 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi, innrétta gistiheimili fyrir alls 18 gesti ásamt starfsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 79 við Snorrabraut. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 14. október 1943.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

16. Sogavegur 3 - (fsp) stækkun lóðar - USK23070210

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. júlí 2023 var lögð fram fyrirspurn Djúpadals ehf., dags. 21. júlí 2023, um stækkun lóðarinnar nr. 3 við Sogaveg, samkvæmt uppdr. K.J. ARK slf., dags. 20. júlí 2023. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

17. Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31 - Orkureitur - kynning - SN220437

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. maí 2023 voru lagðar fram til kynningar nýjar fyrirspurnarteikningar Arkþing/Nordic ehf., dags. 3. apríl 2023 vegna uppbyggingu að Suðurlandsbraut 34/Ármúla 31, reitur 1.265 Orkureitur. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 4. maí 2023 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

Gerðar eru athugasemdir við fyrirspurnarteikningar sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

18. Hesthúsabyggð á Hólmsheiði, Almannadalur og Fjárborg - breyting á skilmálum deiliskipulags - USK23040070

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Landslags ehf., dags. 11. apríl 2023, um breytingu á skilmálum deiliskipulags Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði, Almannadal og Fjárborg. Í breytingunni sem lögð er til felst að bætt er við a lið í kafla 3.1.5 um Rúlluplan um að heimilt verði að losa uppgröft vegna framkvæmda við nýjar lóðir innan deiliskipulagsmarka í rúlluplön, samkvæmt tillögu Landslags ehf., dags. 11. apríl 2023. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2023 til og með 27. júlí 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Bjarni Jónsson, dags. 27. júlí 2023.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

19. Lambhagavegur 33 - breyting á deiliskipulagi - USK23030121

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Byggingarfélag Gylfa/Gunnars hf., dags. 7. mars 2023, vegna breytinga á deiliskipulagi Vesturlandsvegur, Halla vegna lóðarinnar nr. 33 við Lambhagaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst aukning á hámarks byggingarmagni neðanjarðar, samkvæmt uppdr. Archus arkitekta, dags. 13. desember 2022. Einnig eru lagðir fram uppdr. vegna lóðarhönnunar, dags. í nóvember og desember 2021 og í mars 2023. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2023 til og með 27. júlí 2023. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

20. Landakotstún - sparkvöllur - breyting á deiliskipulagi - USK23020126

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Landakotsreits, reita U og L. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreind eru stærri svæði innan núverandi útivistarsvæðis sem leik-, íþrótt- og dvalarsvæði, samkvæmt uppdr. Landmótunar, dags. 4. maí 2023. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2023 til og með 27. júlí 2023. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

21. Norðurströnd - strandsvæði milli Faxagötu og Laugarness - nýtt deiliskipulag - USK22123006

Að lokinni auglýsingu er lagt fram að nýju erindi skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 21. desember 2022, um nýtt deiliskipulag fyrir Norðurströnd, strandsvæði milli Faxagötu og Laugarness. Með deiliskipulagstillögunni er verið að festa í sessi núverandi stíga, listaverk og áningarstaði við strandlengjuna, og tryggja að útsýni og sjónlínur frá svæðinu út á sundin og til fjalla, haldist óskert. Þá er gert ráð fyrir að lagfæringar fari fram á sjóvarnargarðinum, en í stað þess að garðurinn verði hækkaður, er stefnt á að hann verði breikkaður út í sjó, þar sem þess er þörf, með sambærilegum hætti er nú þegar hefur verið gert við Eiðsgranda og Ánanaust. Auk þess eru bílastæði við Sólfarið lögð niður ásamt því að staðsettur er áningarstaður til móts við Kringlumýrarbraut, og hjólastígur sveigður í kringum hann, m.a. til þess að bæta öryggi. Þá verði heimilt að koma fyrir íburðarminni listaskreytingum sem falla vel að umhverfinu. Að öðru leyti er vísað til skilmálatexta á deiliskipulagsuppdrætti VSO ráðgjafar, dags. 12. desember 2022. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2023 til og með 27. júlí 2023. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Veitna, dags. 12. júlí 2023.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

22. Víðidalur - D-Tröð 4 - (fsp) stækkun húss - USK23070166

Lögð fram fyrirspurn Kjötmarkaðarins ehf., dags. 18. júlí 202, ásamt bréfi Arktika, dags. 7. júlí 2023, um stækkun hesthússins nr. 4 við D-Tröð þannig að suðvesturgafli hússins nái að lóðamörkum.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

23. Drápuhlíð 2 - USK23030174

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. júlí 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi til þess að staðsetja tvö bílastæði og tvöfalda rafhleðslustöð við norðurhlíð lóðar íbúðarhúss á lóð nr. 2 við Drápuhlíð. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju. Einnig lögð fram umsögn verkefnastjóra dags. 3. ágúst 2023.

Neikvætt með vísan til umsagnar verkefnastjóra 3. ágúst 2023.

24. Seiðakvísl 39 - USK23030199

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. júlí 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi fyrir stækkun, þ.e. byggja glerskála með léttu þaki við hús og viðbyggingu áfasta bílgeymslu húss á lóð nr. 39 við Seiðakvísl. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.

25. Kvosin, Landsímareitur - breyting á skilmálum deiliskipulagi - SN220435

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 6. júlí 2022 um breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar, Landsímareits, með síðari breytingum. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að reka gististarfsemi á efri hæðum húsa að Aðalstræti 7 og Vallarstræti 4, er snúa að Ingólfstorgi, samkvæmt tillögu THG Arkitekta ehf. dags. 5. júlí 2022. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2023. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2023 til og með 27. júlí 2023. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Fundi slitið kl. 11:00

Björn Axelsson